

---

## Minnisblað

Dagsetning: 23. júní 2021  
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir  
Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra  
Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

---

### Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi sóttvarnaaðgerðir á landamærum vegna COVID-19.

---

Núverandi sóttvarnaaðgerðir á landamærum eru samkvæmt reglugerð nr. 692/2021 sem tók gildi 15. júní sl. og gildir til 1. júlí nk. Samkvæmt reglugerðinni þurfa allir sem dvalið hafa á áhættusvæði lengur 24 klst. á undangengnum 14 dögum að framvísa vottorði um neikvætt PCR próf sem ekki má vera eldra en 72 klst. gamalt við byrðingu og fara hér í tvær skimanir með 5 daga sóttkví á milli. Undanþegnir þessu ákvæði eru þeir sem framvísa gildu vottorði um fulla bólusetningu gegn COVID-19 eða afstaðna sýkingu og börn en þessir einstaklingar þurfa að undirgangast eina skimun við komuna hingað án sóttkvíar.

Á tímabilinu 1. apríl 2021 til 21. júní komu um 66.000 farþegar hingað til lands og greindust 72 með virk smit á landamærunum og 346 innanlands.

Af þeim 72 sem greindust á landamærunum þá voru:

1. 11 með vottorð um bólusetningu gegn COVID-19 af alls 41.876 farþegum (0,03%).
2. Þrír með vottorð um fyrri sýkingu af völdum COVID-19 af alls 3.274 (0,09%).
3. Sex börn fædd 2005 og síðar af alls 3.131 barni (0,2%).
4. 52 með neikvætt PCR vottorð, ekki eldra en 72 klst. gamalt af 19.386 farþegum (0,3%). Af þeim greindist 31 í fyrri skimun og 21 í þeirri síðari.

Samkvæmt upplýsingum frá raðgreiningu Íslenskrar erfðagreiningar mátti rekja uppruna flestra innanlandssmitanna (346 alls) til fárra smita á landamærunum. Allir framvísuðu þessir einstaklingar neikvæðu PCR við komu en greindust ýmist smitaðir í fyrri eða síðari skimun eftir fimm daga sóttkví. Því er ljóst að smit barst inn í landið frá þeim ýmist meðan á sóttkví eða einangrun stóð. Engin innanlandssmit er hins vegar hægt að rekja til einstaklinga með vottorð um bólusetningu eða fyrri COVID-19 sýkingu né til barna.

Á tímabilinu greindust a.m.k. tveir með delta/indverska afbrigði kórónaveirunnar á landamærunum en engin frekar smit innanlands hafa átt sér stað.

Bólusetning gegn COVID-19 gengur vel og í dag hefur um helmingur þjóðarinnar verið fullbólusettur og um 70% fengið a.m.k. eina sprautu. Útlit er fyrir að um mánaðarmótin júní/júlí n.k. verði um 60% þjóðarinnar full bólusettur og enn fleiri fengið a.m.k. eina sprautu.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af skimunum á landamærum og afleiddum innanlandssmitum þá tel ég óhætt að aflétta ákveðnum skimunum á landamærum og legg því til eftirfarandi:

1. Ný reglugerð um sóttvarnaaðgerðir á landamærum taki gildi 1. júlí 2021 og gildi til 15. ágúst 2021.
2. Hætt verði að skima þá sem framvísa gildum vottorðum um fulla bólusetningu með gildum bóluefnum skv. Lyfjastofnun Evrópu (EMA) og/eða WHO eða vottorðum um fyrri sýkingu af völdum COVID-19. Bólusetning telst gild tveimur vikum eftir síðari skammt bóluefnis eða fyrsta skammt bóluefnis Janssens.

3. Hætt verði að skima börn sem fædd eru 2005 eða síðar.
4. Þeir sem ekki geta framvísað gildum vottorðum um bólusetningu gegn COVID-19 eða fyrri sýkingu af völdum COVID-19 þurfi áfram að framvísa neikvæðu PCR vottorði við byrðingu og á landamærum sem ekki má vera eldra en 72 klst gamalt (við byrðingu). Þessir aðilar þurfi að undirgangast skimun með PCR prófi við komuna hingað til lands, dvelja í sóttkví í 5 daga og undirgangast seinni skimun (PCR) að henni lokinni.

Þeir sem framvísa gildum vottorðum um bólusetningu og fyrri sýkingu af völdum COVID-19 og börn fædd 2005 og síðar, þurfi ekki að framvísa neikvæðum PCR vottorðum við komuna hingað til lands eins og áður.